

Fundur 9.5.2022 Sigríður Tómasdóttir

Komið þið nú sæl og blessuð.

*Já komdu blessuð og góða kvöldið.*

Heilsa ég ykkur í guðsfriði og ekki vissi ég að það væri svona erfitt að tala í gegnum svona fundi og hef ég aldrei reynt það áður og vona ég að þið sýnið mér fullan stuðning.

Ég er ekki, ég var ekki sammála þessum kenningum þegar ég kom yfir á þessa jörð og hef ég þurft hvatningu til að koma hér fram og

*Og hvernig lýst þér á?*

Hann biður að heilsa, hann biður að heilsa, það er einhver hérna sem, við vorum í heimsókn hjá vinafólki og það, við hjónin, gamlir Nýalssinnar, við þekktumst og þau fóru að tala um liðna tíð og fóru að tala um að ættingjar mínir vildu í mér heyra, ég

*Er þetta Sigríður?*

Já, ég er að tala um Halldór Pétursson.

*Hann biður að heilsa?*

Já, ég er hún og þakka ykkur fyrir.

*Já hann dóttursonur þinn hefur verið að biða eftir að heyra frá þér og af þinni sögu.*

Já, ég, það, okkur líður vel báðum og ég veit ekki hvort ég get haft þetta langt, það er

*Það er frábært að heyra í þér.*

Já, ég er ekki framhleypin, ég

*Hann var eitthvað að dreyma til þín hann Ingólfur um daginn.*

Já ég veit að við getum hugsað til þeirra og stutt þau að miklu leiti og þykjum svo vænt um þau enn þá og

*Beiðst þú eftir Jóni?*

Já ég eignaðist hér svolítið sérstakt líf, ég þakka fyrir spurninguna, ég bjóst ekki við að fara á svona stað, hefði aldrei trúað að hann Ingvar hefði rétt fyrir sér,

*Nei.*

En það kom nú á daginn samt,

*Já,*

og það er rétt að hér hafa íbúar reynt að heiðra hans starf og reisa hús með þessum málverkum en Jón minn er allur kominn af stað í vélarnar og farinn að byggja upp að nýju en hef ég heyrt að gamla húsið sé farið.

*Jú, jú það er búið að rífa það.*

Vona ég að þau geti sætt sig við það, en það er orðið langt um liðið hjá mér og finnst mér það nokkuð fjarlægð í minningunni og

*Ert þú nokkuð með skilaboð til Ingólfs?*

Ég er stolt af honum, það er það eina sem ég get sagt og ég hef mikið breyst hér á nýjum hnetti og ég er miklu víðsýnni og ánægð með þetta allt saman og vil svo gjarnan styðja miklu meira en ég hef gert.

En það gleður mig að komast í sambandið en ég var að reyna segja það þegar ég skynjaði til hans nýlega að ég var þjónustustúlka hjá vinafólki í mörg ár eftir að ég kom yfir, en það er orðum aukið að ég hafi verið lofuð.

En ég reyni að útskýra það síðar, ég þakka ykkur fyrir og óska ykkur alls hins besta.

*Sigríður.*

Já,

*Takk fyrir það Sigríður, en við erum hér með annan miðil og þegar þú ert komin í æfingu þá væri gaman að fá þig í gegnum hann, svo Ingólfur gæti talað við þig.*

Já gjarnan ég,

*Stefnum að því.*

Ég held að það sé auðveldara þannig og finn margt

Ég held að það eigi við um marga Íslendinga að það séu umskipti að breyta frá þjóðtrúnni yfir í þessa trú og gæti ég sagt ýmislegt um það síðar.

Verið þið sæl og þakka ykkur fyrir.

*Vertu blessuð Sigríður og þakka þér fyrir komuna.*